

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og
Grafningshrepps 2008-2020, Ásborgir.**

Samkvæmt 5. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, hefur ráðherra þann 21. janúar 2013 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 frá 1. mars 2010.

Í breytingunni felst að íbúðarsvæðið Ásborgir verður blanda íbúðar-, verslunar- og þjónustu-svæðis. Heimilt verður að nýta íbúðarhús á svæðinu sem veitinga- og/eða gistihaus.

Með erindi frá Skipulagsstofnun dags. 10. apríl 2012 barst ráðherra tillaga að breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020, Ásborgir. Var í erindinu lagt til við ráðuneytið að það synjaði skipulagstillöggunni staðfestingar sbr. 4. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskaði ráðuneytið eftir því við sveitarfélagið að gerðar yrðu tilteknar lagfæringsar á greinagerð skipulagstillögunnar. Varð sveitarfélagið við beiðni ráðuneytisins sbr. bréf dags. 21. desember 2012.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er tillagan í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 21. janúar 2013.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 4. febrúar 2013